


	Bls.
Úrslit vísnaþeppinnar 1981 .....	1
Vísnaþeppi 1982 .....	4
Vísnaþál .....	5
Stefán Magnússon bókbíndari .....	8
Héraðsbókasafn Skagfirðinga, Safnahús Skagfirðinga .....	11
Frá Listasafni Skagfirðinga .....	15
Greinargerð um Héðaðsskjalasafn Skagf. 1981 ....	17
Skjalasöfn hreppanna í Skagafjarðarsýslu	
Gísl Magnússon í Eyhildarholti .....	20
Stefán Jónsson á Höskuldsstöðum .....	23
Úr Héraðsskjalasafni .....	26
Hver er maðurinn? .....	33
Safnafréttir .....	36

6. árgangur 1982

# safna þál



Útgefandi:  
HÉRAÐSSKJALASAFN SKAGFIRÐINGA  
og  
HÉRAÐSBÓKASAFN SKAGFIRÐINGA  
SAUÐÁRKRÓKI

Gefið út með styrk úr  
MENNINGARSJÓÐI  
MAGNÚSAR BJARNASONAR  
kennara

Umsjón:  
HJALTI PÁLSSON  
KÁRI JÓNSSON  
KRISTMUNDUR BJARNASON

Ábyrgðarmaður:  
KÁRI JÓNSSON

AKUREYRI  
PRENTVERK ODDS BJÖRNSSONAR HF.  
MGMLXXXII

## Úrslit vísnaðkeppninnar 1981

Dómnefndarmenn í vísnaðkeppninni, Andrés Björnsson útvarps-  
stjóri og Sigurjón Björnsson prófessor, settust á rökstóla hinn 1. maí  
og völdu þrjár vorvísur án þess að gera upp á milli þeirra innbyrðis.  
Vísunum er raðað í starfrófsröð eftir upphafsorði og hljóða svo:

Sólar haddur suðri frá  
sviptir gaddinn ráðum.  
Vonzku saddur vetur þá  
verður kvaddur bráðum.  
Vorboði.

Veitir blíðu vorsins tíð  
vindur þíður hressir lýð.  
Grösum skryðist grund og hlíð.  
Gyllir víði sólin fríð.  
Flosi.

Þraukað hef ég þorrann enn,  
þar á ofan góu.  
Einmánuður úti senn,  
orðið stutt í lóu.

Undir dulnefninu Vorboði orti Andrés H. Valberg, Langagerði  
16, Reykjavík. Flosi reyndist vera Friðrik Friðriksson, Bárustíg 7,  
Sauðárkróki. Síðustu vísunni fylgdi ekki dulnefni, en höfundurinn  
er Baldur Pálmason, Egilsgötu 14, Reykjavík.

Tvo fyrriparta átti að botna, og þóttu þessir beztir:

1. Það gæti varla verið synd,  
en vakið öfund hinna,  
Botn: að vera talinn manns í mynd  
meðal bræðra sinna.  
Malli.

2. Það gæti varla verið synd,  
en vakið öfund hinna,  
Botn: ef ég kæmist upp á tind  
æskudrauma minna.  
P.Z.

3. Ekki reynist gatan greið,  
grettum steinum þakin.  
Botn: Þrátt er einum erfið leið,  
öðrum bein og rakin.  
Grímur.

„Malli“ reyndist vera Freysteinn A. Jónsson, Efstasundi 48, Reykjavík. „P.Z.“ Guðmundur Stefánsson frá Hrafnhóli, nú á Akureyri. Höfundur að þriðja botninum, Grímur, gerði ekki frekar grein fyrir sér, og skal ósagt látið, hvort hér er á ferð sá hinn sami Grímur, sem þátt tók í vísnaþinginu árið 1980. En neðan við botninn þaraði hann eftirfarandi „athugasemd“:

Hefði kosið vænni vist,  
vísnaþing, sem kveikti bál.  
Meður fremur litla lyst  
les ég þessi Safnamál.

Hver vill nú taka upp hanzkann fyrir Safnamál?

Alls tóku 26 þátt í keppninni að þessu sinni, og sendu sumir margar stökur og botna, jafnvel kvæði. Tvö bréf bárust of seint: frá „Sveitadrengr“ og „Prándi“, voru þeir því úr leik. Þó er rétt að geta þess, að botn Prándar, þ.e. Rósbergs G. Snædals, og Guðmundar Stefánssonar („P.Z.“) er nær eins við fyrripart nr. 2:

að ég kæmist upp á tind  
æskuvona minna.

Að lokum skulu tíundaðar nokkrar vísur úr keppninni, teknar af handahófi:

Huldur vorsins strengi strjúka,  
stilla hörpur glöðum róm;  
geislaörvar opnum ljúka  
augum þínum, litla blóm.  
Hólmfríður Jónasdóttir,  
Víðigrund 16, Sauðárkróki.

Lifnar blóm um laut og mó,  
leyst úr dróma jörðin.  
Raddir óma um runn og tó,  
rómpýð hljómagjörðin.  
Gunnþór Guðmundsson,  
Dæli, V.-Hún.

Vorið kveikir villta þrá,  
vetrar feykir helsi.  
Þorið eykur öllum hjá,  
örvar leik og frelsi.  
Rúnar Kristjánsson,  
Bogabraut 21, Skagaströnd.

K.B.

## Vísnaþkeppni 1982

Að þessu sinni er beðið um botna við tvo fyrriparta:

Viltu berja botninn í  
bögunu þá arna?

— — —

Sólin býður birtu og yl,  
brosin kvikna á vanga. . .

Svo sem venja hefur verið eru lesendur beðnir að yrkja um tiltekið efni. Að þessu sinni varð *hafid* fyrir valinu.

Skilafrestur er til 15. febrúar 1983.

Botna og vísur skal merkja dulnefni. Höfundarnafn fylgi í lokuðu umslagi merkt dulnefninu. Kveðskapinn skal senda til Héraðs-skjalasafns Skagfirðinga, Sauðárkróki.

*K.B.*

## Vísnamál

Þórarinn Sveinsson frá Kílakoti í Kelduhverfi orti eftirfarandi vísu og kallaði sjálfslýsingu:

Skarðan drátt frá borði bar  
barn að háttum glaður.  
Völl ég átti, en ég var  
enginn sláttumaður.

Þekktari er Tryggvi Emilsson fyrir laust mál en bundið. Þessar tvær vísur eru eftir hann:

Árar legg ég inn í bát  
ekki er hætt við strandi.  
Mjakar aldan mild og kát  
mér að réttu landi.

Höndin þrekuð orðin er,  
ára hrekur dýrið.  
Ef mig rekur upp á sker,  
andinn tekur stýrið.

Á sameiginlegu skemmtikvöldi áttahagafélaga Húnvetninga og Borgfirðinga í Reykjavík var vísnaverð þáttur í kvöldvökunni. Skiptust þar á spurningar og svör. Jóhannes Benjamínsson frá Hallkelsstöðum í Hvítársíðu spurði húnvetnska hagrðinga og beindi orðum sínum til sr. Helga Tryggvasonar frá Kot-hvammi á Vatnsnesi:

Gaman væri fræðslu að fá að njóta,  
finnst mér rétt að svari guðfræðingar,  
hvorir muni fleiri boðorð brjóta  
Borgfirðingar eða Húnvetningar.

Sr. Helgi svaraði á þessa leið:

Þessa báða að líku vil ég leggja,  
ég leiði hjá mér rannsókn innst í hjarta.  
Þeir brjóta tíu boðorð hvorir tveggja, —  
Borgfirðingar þó í fleiri parta.

Þessar staðhæfingar er skynsamlegt að leiða hjá sér.

Sr. Helgi Konráðsson prestur hér á Saudárkróki lengi og þekktur  
að öllu góðu þjónaði um tíma Skagasóknum. Hann var ferðagarpur  
og fór eitt sinn út að Hvammi til þess að messa í slæmu veðri og  
færi, sem hann lét þó ekki aftra sér heldur kom á skíðum. Lúðvík  
Kemp orti af því tilefni:

Óverðugum út við sjó  
opnaði vizkulindir.  
Á skíðum burt í skafhrið dró  
Skagamannasyndir.

Nú er rétt að leggja á það engan dóm, hvernig til hafi tekizt eða  
hvert syndirnar hafi verið dregnar.

Þessi vísa Erlings Jóhannessonar á Hallkelsstöðum þarfnast ekki  
skýringa né staðsetningar eða hvað?

Hjartnæm vers þó heyrst þar  
hitt ei dulizt getur,  
hversu ljóðin léttúðar  
lærast miklu betur.

Jóhann Guðmundsson í Stapa í Tungusveit orti þessar stökur að  
sumarlagi frammi við Laugarfell:

*Safnamál . 6*

Hér ég sanna hugró fann  
hana ei bannar kliður.  
Eykur manni unað þann  
öræfanna friður.

Raular lindin rökkurblá,  
rísa í skyndi og falla  
kynjamyndir ýmsar á  
efstu tindum fjalla.

Í vísnaflökki um Drangey á Skagafirði er Andrés H. Valberg orti,  
er þessi vísa:

Sem í björtu báli stóð,  
blundaði sær við dranga,  
þegar aftangeisla glóð  
gyllti hennar vanga.

Óskyld þessari er eftirfarandi vísa Andrésar, þar sem hann lítur  
til baka:

Eg hef róið ýmsum hjá,  
ís og snjóa gengið,  
lífsins sjóum söltum á  
sigg í lófa fengið.

Björn L. Gestsson frá Björnólfsstöðum í Langadal orti eftir and-  
vökunótt:

Að mér læðast hlýtt og hljótt  
hugðar kæru efnin.  
Þessi varð mér vökunótt  
verðmætari en svefninn.

*Hjálmar Jónsson.*

*Safnamál . 7*

## Stefán Magnússon bókbindari

Sá maður, er lengst allra hefur þjónað Héraðsbókasafni Skagfirðinga er Stefán Magnússon bókbindari, sem lézt á sjúkrahúsinu á Akureyri 9. maí 1981.



*Stefán Magnússon  
bókbindari.*

Stefán var fæddur í Torfmýri í Blönduhlíð hinn 6. marz 1906, sonur Magnúsar Hannessonar og Jakobínu Gísladóttur, er þar þjuggu í rúm 20 ár. Stefán ólst upp í hópi þriggja systkina sinna og voru foreldrar hans jafnan mjög fátæk, en komust þó af með ítrasta sparnaði og iðjusemi.

Vorið 1922 yfirgaf hann æskuheimili sitt og gerðist vinnumaður á Flugumýri 16 ára gamall. Þaðan lá leiðin að Reynistað vorið eftir og var hann þar síðan samfleytt frá 1923-1937. Þá fluttist hann til Sauðárkróks, en vann þó áfram á Reynistað á sumrin allt til ársins 1954.

Stefán sagði stundum frá því, að það hefði eiginlega verið brotin skeifa, sem varð þess valdandi, að hann fór að stunda bókband. Þeir voru eitt sinn að vetri til tveir vinnumenn á Reynistað að flytja heim hey neðan af Vatnabökkum. Stefán batt, en hinn fór á milli. Þá gerðist það, að skeifa brotnar undan hesti í lestinni og verður alllangur stanz heima á Reynistað. Dettur þá Stefáni í hug að bregða sér yfir Vötnin á ísi að Keldudal, en þar átti hann frændfólki að mæta. Bóndinn var Gísli Jakobsson, en sonur hans Guðmundur, síðar bókbindari í Kópavogi, var þá farinn að fást við bókband og

sýndi Stefáni. Hann komst svo að orði síðar: „Ég fæ þarna áhuga á þessu og fékk einhverja snepla hjá honum til að reyna mig á og fer svo að bauka við þetta, þegar heim kemur. Ég hafði auðvitað ekki nokkurn skapaðan hlut til neins nema hníf og skæri, en einhvern veginn kuðlaði ég saman einni eða tveim bókum.“

Eftir þetta tókst Stefáni að verða sér úti um bókbandsstæki og síðar gyllingartæki. Hann komst í tveggja mánaða bókbandsnámskeið á Akureyri hjá Árna Árnasyni frá Kálfsstöðum, og með það veganesti byrjaði hann af alvöru bókbandsverkið.

Veturinn 1937-38 hóf Stefán að binda fyrir bókasafnið og vann að því meirihluta vetrar. Safnið var þá komið í nýtt húsnæði að Suðurgötu 7, en var mjög lítið að vöxtum (tæp 1100 bindi) og í ærið slæmu ástandi. Séra Helgi Konráðsson var um þetta leyti ráðinn til umsjónar með safninu og tók það miklum stakkaskiptum undir hans forsjá. Hann fékk m.a. Stefán til liðs við sig, og eftir þetta batt hann allar bækur fyrir safnið til dauðadags, eða í 43 ár. Má ætla, að hann hafi á þessu tímabili bundið 8-10 þúsund bindi fyrir bókasafnið. Sjálfur giskaði Stefán á, að hann hefði bundið 2-3 þúsund bækur á ári og ævistarfið væri því um 100 þúsund bindi. Víst er, að afköstin voru með eindæmum og verk sitt seldi hann svo ódýrt, að furðu sætti.

Sumum þótti Stefán ekki nægilega vandvirkur. Látum hann sjálfan útskýra það: „Mér hefur verið sagt, að ég selji fremur ódýrt. Það má vera, en ég hef litið þannig á, að þetta sé kannske ekki alveg fyrsta flokks vinna. Bæði er það, að ég er ekki útlærður bókbindari, þótt æfingin hafi skapað það að nokkru. Annað er svo hitt, að ég tók þá stefnu strax og ég byrjaði á þessu að leggja ekki alltof mikinn tíma í óskaplegt nostur, sem í sumum tilfellum er krafizt, en öðrum ekki, en hafa það heldur ódýrara. Það getur vel verið, að þetta sé hálfgerður bjánaskapur, hvað ég hef selt þetta ódýrt.“

Stefán var ókvæntur og barnlaus, en sérlega barngóður, léttur og alúðlegur í viðkyningu, gerði ekki miklar kröfur til lífsþæginda og var fjarri því að reyna að auðga sjálfan sig á annarra kostnað. Hann var einskonar heimangangur á söfnunum. Þar kunni hann vel við sig, var gefinn fyrir ættvísi og fróðleik og hafði gaman af að spjalla. Á

fyrri árum, meðan skjalasafnið hafði engann fastan afgreiðslutíma, gegndi hann fjölmörgum erindum til safnsins, einnig mun hann hafa unnið nokkuð við bókasafnið með Helga Konráðssyni fyrir utan bókbandið. Hann var um skeið í stjórn safnanna og ætíð mjög umhugað um viðgang þeirra.

Árið 1976 afhenti Stefán gjafabréf til Safnahússins, þar sem hann ánafnaði því bókbandsstæki sín öll og bókbandssefni eftir sinn dag, eða þegar hann hætti störfum. Var þetta söfnunum mikill og dýr-mætur fengur, því Stefán gætti þess vel að eiga jafnan birgðir bókbandssefnis. Hefur þessu öllu nú verið komið fyrir í sérstakri bókbandsstofu í kjallara Safnahússins og kemur þar að góðum notum.

*Hjalte Pálsson.*

Fleygið ekki bókaslitrum, gömlum blöðum eða skrifuð-um gögnum án samráðs við safnaverðina. Látið söfnin njóta þess, sem nýtilegt kann að vera. Þau gera orð skáldsins að sínum:

Ég vinn úr því, sem aðrir vilja  
ekki nýta:  
Í arinskerslum leynist löngum  
lagleg spýta.

*Héraðsskjalasafn Skagfirðinga.*

*Héraðsbókasafn Skagfirðinga.*

## Héraðsbókasafn Skagfirðinga Safnahús Skagfirðinga

### ÁRSSKÝRSLA 1981

Héraðsbókasafnið var opið 16 stundir, 5 daga vikunnar á árinu, nema sumarmánuðina júlí og ágúst var einungis opið á mánu-  
dögum og fimmtudögum. Tíminn var: kl. 4-7 s.d., mánudaga,  
þriðjudaga og miðvikudaga, kl. 8-10 s.d., fimmtudaga, kl. 2-7 s.d.,  
föstudaga. Um haustið var þó gerð lítilsháttar breyting, opnað  
hálfri stundu fyrr á fimmtudagskvöldum og lokað hálfri stundu fyrr  
á föstudögum.

Lánþegar frá 1. júlí 1980 til 30. júní 1981 urðu alls 579, sem er  
svipuð tala og fyrra ár eða 4 fleiri. Barnaskírteini voru 193 og hafði  
fækkað, en fullorðinna 386, nokkru fleiri en á síðasta ári.

Í júlí ár hvert eru endurnýjuð lánsskírteini. Þá var hækkað  
afnotagjaldið og er það nú kr. 50 fyrir fullorðna, kr. 10 fyrir börn og  
ellilífeyrisþega. Jafnframt var hækkað sektargjald í 10 aura á bók  
fyrir hvern vanskiladag.

Óbreyttar voru reglur um leyfilegan lánstíma og fjölda bóka, sem  
lánþegi mátti hafa hverju sinni.

Útgerðarfélag Skagfirðinga fékk bókakassa í tvo af togurum sínum,  
um, alls 537 bindi. Einnig voru lánaðar bækur til Hofsósskóla og  
Varmahlíðarskóla, alls 13 bindi, og til Bókasafns sjúkrahússins og  
Lestrarfélags Staðarhrepps voru lánuð samtals 111 bindi.

Heildarfjöldi útlána var alls 36.493 bindi. Er það einungis 2.4%  
aukning frá fyrra ári. Aukning útlána milli ára hefur verið mjög  
mikil undanfarin ár; hafa þau tvöfaldast síðan 1975. Nú hefur þessi  
þróun hægt á sér um sinn. Útlán skiptast þannig niður eftir efnis-  
flokkum:

000 rit almenns efnis	151
100 heimspeki og sálarfræði	197
200 trúarbrögð	101
300 félagsfræði	713
400 tungumál	28
500 raunvísindi	139
600 tækni og framleiðsla	399
700 listir	147
800 bókmenntir	30.905
900 landafræði og ævisögur	3.713

Samtals 36.493

Í aðfangabók bættust 960 bindi og skráð númer í árslok 17.760. Bundnar voru 16 bækur í venjulegt band, auk þess settar milli 50 og 60 bækur í kjölfestuband.

Á árinu var tekin upp hljóðbókaþjónusta í samvinnu við Borgarbókasafn Reykjavíkur fyrir blinda og sjónskerta. Notendur eru þó mjög fáir enn sem komið er.

Keyptar voru bókahillur á einn vegg í lesstofunni og komið þar upp handbókasafni. Með tilkomu fjölbrautaskólans færirst sífellt í vöxt notkun bóka á lestrarsal, þar sem nemendur vinna að ritgerðum.

Allmargir gáfu safninu bækur, blöð eða tímarit og eru þeim færðar beztu þakkir. Skrá yfir gefendur fylgir hér aftar.


## SAFNAHÚS SKAGFIRÐINGA

Húsnæði Safnahússins var mikið notað sem endranær. Tónlistarskólinn leigði neðri hæðina eins og undanfarin ár. Auk þess voru leigðir salir til ýmiskonar starfsemi: Haldin var samkoma til heiðurs Eypóri Stefánsyni áttæðum, Helgi Sæmundsson ritstjóri flutti erindi á vegum hússins í sæluviku og nefndi það Listamannalaunin og bókmenntirnar, tónleikar Tónlistarfélagsins og

*Safnamál . 12*

Tónlistarskólans voru 5, þá ekki með taldir skólatónleikar, spíla-kvöld Bridgefélagsins 15, bæjarstjórnarfundir 18, sýslufundir 5 (dagar), ýmsir aðrir fundir 21, listsýningar 5, aðrar sýningar 2, skiptafundur 1.

Eins og fram kom í safnafréttum á s.l. ári, afhenti frú Margrét Ólafsdóttir Safnahúsinu að gjöf málverk af Birni heitnum Daníelssyni f.v. skólastjóra og forstöðumanni Safnahússins. Myndina gerði Örlygur Sigurðsson listmálari og hefur henni verið valinn staður í útlánasal bókasafnsins. Einnig færðu hjónin Sigurlaug Jónsdóttir og Bjarni Halldórsson á Uppsölum Safnahúsinu að gjöf tvær gamlar myndir af Jóni Sigurðssyni forseta og Matthíasi Jochumssyni skáldi.



*Björn Daníelsson.  
Málverk Örlygs Sigurðssonar.*

Smíðaður var stór sýningarkassi og komið fyrir á stigapalli. Fyrst var sýnd í honum bókagjöf frá hjónunum Ottó Michelsen og Gyðu Jónsdóttur til Héraðsskjalasafnsins, gamlar bækur prentaðar á Hólum, þar á meðal forkunnargott eintak af Steinsbiblíu.

Áætlað var að mála utan húsið á árinu, en að fengnu samþykki eignaraðila, ákvað stjórn safnanna að verja þeim peningunum til kaupa á hillubúnaði í skjalasafn og bókasafn og borðum og stólum í barnadeild bókasafnsins.

Kjallari Safnahússins var að fullu tekinn í notkun á árinu. Er þar um 200 fermetra rými og skiptist í sex geymsluherbergi, þar af hefur

*Safnamál . 13*



Listasafn Skagfirðinga eina geymslu og Sögufélag Skagfirðinga aðra undir bókalager sinn. Þriðja geymslan var leigð Elíasi Halldórssyni listmálara um óákveðinn tíma. Auk þessa er eldtraustur klefi, bókbandsstofa, þar sem komið er fyrir efni og bókbands-tækjum Stefáns Magnússonar, sem hann gaf Safnahúsinu eftir sinn dag; loks er eitt fræðimannsherbergi.

Starfslið í húsinu var hið sama og áður: Hjalti Pálsson bóka-vörður og forstöðumaður Safnahússins í fullu starfi, Anna Páls-dóttir afgreiðslumaður í bókasafni í hálfu starfi frá 1. janúar, Kristmundur Bjarnason skjalavörður í hálfu starfi og Jóna Sveins-dóttir, sem annaðist ræstingu.

Annar fulltrúi sýslunefndar í stjórn safnanna, Gísli Magnússon í Eyhildarholti, lézt á árinu og tók varamaður, Jóhann Salberg sýslumaður, sæti hans. Að öðru leyti var stjórnin óbreytt.

### Skrá yfir gefendur til Héraðsbókasafnsins:

Árni H. Arnason verkamaður, Sauðárkróki.  
Árni Blöndal bóksali, Sauðárkróki.  
Ása Helgadóttir frú, Sauðárkróki.  
Ásta Egilsdóttir fóstura, Sauðárkróki.  
Bragi Þ. Sigurðsson vélsmiður, Sauðárkróki.  
Friðrik Margeirsson skólastjóri, Sauðárkróki.  
Geir S. Björnsson prentsmiðjustjóri, Akureyri.  
Halldór Gíslason bóndi, Halldórsstöðum.  
Haukur Stefánsson verkstjóri, Sauðárkróki.  
Hjalti Pálsson bóka-vörður, Sauðárkróki.  
Hörður Jónsson bóndi, Hofi, Hjaltadal.  
Kristján Eldjárn f.v. forseti, Reykjavík.  
Sigríður Árnadóttir frú, Svanavatni.  
Sigurður Ágústsson rafveitustjóri, Sauðárkróki.  
Sigurjón Páll Ísaksson starfsmaður Orkustofnunar, Reykjavík.  
Sveinn Sölvason verkamaður, Sauðárkróki.  
Sölvi Sveinsson kennari, Reykjavík.  
Þórir Arngrímsson bóndi, Litlugróf.

*Hjalti Pálsson.*

## Frá Listasafni Skagfirðinga

Eins og undanfarin ár bauð listasafnið myndlistarmanni að halda sýningu í Sæluviku 1981. Að þessu sinni varð fyrir valinu Jónas Guðvarðsson, sem fæddur er á Sauðárkróki 1932, en nú búsettur í Hafnarfirði. Sýningin stóð yfir dagana 29. marz til 5. apríl og skoðuðu hana 300-400 manns. Verk Jónasar voru öll unnin í tré, lágmyndir og skúlptúr. Hefur slík sýning ekki verið haldin hér áður.

Aðrar myndlistarsýningar í Safnahúsinu 1981 voru þessar: Daga-na 23. til 25. apríl sýndu Björn Björnsson og Ómar Bragi Stefánsson, Sauðárkróki, 80 klippimyndir og kolteikningar. Gestir voru um 400.

Elías B. Halldórsson, Sauðárkróki, hélt sýningu 6. til 8. júní á 60 olíu- og pastelmyndum.

Á vegum Listasafns Íslands og Listasafns Skagfirðinga var haldin sýning á 25 málverkum eftir Jón Stefánsson, öll í eigu fyrr-nefnds safns. Stóð hún yfir í 3 vikur, frá 9. til 30. ágúst, og voru sýningar-gestir um 500. Listasafn Skagfirðinga hafði forgöngu um að efna til sýningarinnar, sem haldin var til að minnast þess, að 22. febrúar 1981 voru 100 ár liðin frá fæðingu Jóns. Í 5. árgangi Safnamála er nánar sagt frá þessari sýningu.

Páll Sigurðsson, Reykjavík, sýndi 46 olíu- og acrylmyndir 5. til 13. september. Sýningargestir voru á 4. hundrað. Sömu daga hengu uppi í norðursal Safnahússins 20 teikningar eftir Pál af gömlum húsum á Sauðárkróki og í grennd. Teikningarnar gaf hann Héraðsskjalasafni Skagfirðinga 1967 í minningu afa síns, Stefáns Vagnssonar frá Hjaltastöðum.

Eftirtalin listaverk voru færð í aðfangabók safnsins 1981, skráð í áframhaldandi númeraröð (sjá Safnamál 1978, '79 og '81):

Nr. 45.

Gunnar Friðriksson:

*Úr Hegræsi*

pastel

62x48 cm.

Í ramma með gleri.

Merkt: Gunnar Fr.

Keypt á sýningu listamannsins í Safnahúsinu í desember 1980.

Nr. 46.

Jónas Guðvarðsson:

*Hlyngerði*

lágmynd úr tré

58½x115 cm.

Í ramma.

Merkt: Jónas '81.

Keypt á sýningu listamannsins í Sæluviku 1981.

Nr. 47.

Jónas Guðvarðsson:

*Duo*

skúlptúr úr tré

hæð 128 cm.

Merkt: Jónas '79.

Gjöf til Listasafns Skagfirðinga frá listamanninum í Sæluviku 1981.

Nr. 48.

Mrs. Beverly R. Jónsson:

*Behold — The Man*

olía

Kristur á krossinum.

34x44 cm.

Í ramma.

Merkt: Beverly '74.

Gjöf til Listasafns Skagfirðinga 8. júlí 1981 afhent af listakonunni.

Nr. 49.

Páll Sigurðsson:

*Úr Deildardal*

olía á léreft

landslag

60.5x70 cm.

Í ramma.

Merkt: PS (á bakhlið: Páll Sigurðsson: „Úr Deildardal“ 1981).

Gjöf til Listasafns Skagfirðinga frá listamanninum eftir sýningu hans í Safnahúsinu dagana 5. — 13. sept. 1981.

K. J.

## Greinargerð um Héraðsskjalasafn Skagfirðinga 1981

Héraðsskjalasafn Skagfirðinga starfaði með líkum hætti og undanfarið: megináherzla lögð á söfnun handrita og mynda, aukinn bókakost til afnota á lestrarsal og að sjálfsögðu innheimtu sýslunargagna. Allt hefur þetta þokazt í rétta átt. Í sumum greinum að vísu mjög á unnizt. Ber sérstaklega að nefna, að hjónin á Höskuldsstöðum í Blönduhlíð, Sólveig Felixdóttir og Guðmundur Gunnarsson, afhentu safninu til varðveislu öll handrit og önnur skrif úr dánarbúi Stefáns ættfræðings Jónssonar og gáfu útgáfu-réttinn að ritverkum hans að hálfu. Verður nánar vikið að þeim málum á öðrum stað í bæklingnum. Enn má geta þess, að Gyða Jónsdóttir og Ottó A. Michelsen reyndust safninu hollir vinir sem fyrr, gáfu nú hina ljósprentuðu útgáfu Skarðsbókar, gersemi mikla. Fleira mætti nefna, enda gefendur margir, sem meðfylgjandi skrá sýnir, en hér mun þó staðar numið, gefendum öllum færðar alúðarþakkir.

Tvær stofnanir veittu safninu styrki á árinu: Þjóðhátíðarsjóður kr. 5.000.- Menningarsjóður Kaupfélags Skagfirðinga kr. 4.000. Án hlutdeildar téðra stofnana hefði vart verið ráðizt í að koma upp myndadeild við safnið; og hafi báðar heila þökk fyrir.

Lokið er skráningu hátt í 7000 ljósmynda, mikið af myndum verið grófflokkað, en fjöldi býður umfjöllunar. Á árinu bættust í bú nokkur hundruð gamlar ljósmyndir auk teikninga, en af þeim er

helzt að nefna fjórar eftir sænsku listakonuna Siri Derkert. Gefandinn er Björn Jónsson í Bæ.

Skráning almennra handrita er komin nokkuð á veg. Skrásett hafa verið 120 hdr. í folio, 370 í 4to og 152 í 8vo stærð.

Safnið var vel sótt á árinu, 631 gestur skráði sig; rekin erindi utan afgreiðslutíma voru 451.

Hér á eftir fylgir skrá um gefendur handrita og mynda; þeir, sem einungis afhentu sýslunargögn, eiga ekki heima í þessari skrá.

K.B.

### Skrá yfir gefendur 1981

Aðalsteinn J. Mariússon, Víðihlíð 35, Sauðárkróki.

Andrea Jonasson, Calgary, Alta, Kanada.

Anna Pálsdóttir, Birkihlíð 4, Sauðárkróki.

Árni H. Arnason, Ægisstíg 6, Sauðárkróki.

Árni Blöndal, Víðihlíð 2, Sauðárkróki.

Astri Tómasson, Oslo.

Auður Vilhelmsdóttir, Öldustíg 15, Sauðárkróki.

Bergsteinn Jónsson, Njálsgötu 84, Reykjavík.

Bjarni Einarsson, Háaleitisbraut 109, Reykjavík

Björn Egilsson frá Sveinsstöðum.

Björn Jónsson, Bæ.

Bragi Þ. Sigurðsson, Fornósi 1, Sauðárkróki.

Broddi Björnsson, Framnesi.

Einar Svavarsson, Lyngholli.

Friðrik J. Friðriksson, Smáragrund 4, Sauðárkróki.

Geir S. Björnsson, Godabyggð 4, Akureyri.

Gísli Konráðsson, Sólvangi.

Gísli Magnússon frá Frostastöðum.

Guðbjörg Kristinsdóttir, Baldursgötu 4, Reykjavík.

Guðbrandur Þorkell Guðbrandsson, Grundarstíg 3, Sauðárkróki.

Guðjón Sigurðsson, Aðalgötu 5, Sauðárkróki.

Guðmundur L. Friðfinnsson, Egilsá.

Guðný Tómasdóttir, Álftamýri 10, Reykjavík.

Guðrún Gunnlaugsdóttir, Dvalarheimili aldraðra, Sauðárkróki.

Gunnur Pálsdóttir, Holtsmúla.

Safnamál . 18

## Skjalasöfn hreppanna í Skagafjarðarsýslu (frh.)

Holtshreppur	—	1900-1909
	—	1906-1914
Hreppstjóri	—	1908-1938
	—	1915-1958
Bréf	1814-1867	Reikningar 1817-1822
Bréfabók	1810-1840	— 1824-1859
—	1835-1846	Búnaðarskýrslur 1826-1867
—	1866-1868	— 1869-1870
—	1869-1874	— 1872
—	1887-1937	Kvittanir 1844-1866
Hreppaskilabók/skýrslubók	1901-1909	Ómagaskrár 1850-1877
—	1910-1920	
—	1938-1943	Skjöl 1946-1964
—	1944-1964	
Gerðabók	1900-1932	
—	1933-1972	
Uppskriftir/virðingar	1824-1866	Hreppsnefnd
Uppboðstilkynningar/ uppboð	1843-1856	Fundagerðabók 1898-1919
		1920-1930
Uppskrifta/virðinga/ uppboðsbók	1831-1839	— 1930-1936
—	1839-1854	— 1936-1945
—	1879-1906	— 1945-1960
—	1907-1918	Bréfabók 1874-1886
—	1919-1931	(í brb. hrstj. 1869-1874)
Úttektabók/úttektir	1817-1867	— 1898-1913
—	1881	— 1922-1937
—	1884-1899	Dagbók 1908-1943

Hreppsþók/sveitarþók	1834-1857	Málfunda- og ungmenna- félagið Von í Stíflu	
—	1857-1869		
—	1869-1885		
—	1909-1936	Fundagerðabók	1918-1931
Kassabók/sjóðbók	1922-1930		
Bók með blönduðu efni	1938-1943	Sjúkrasamlag	
Vegabótabók	1898-1923	Dagbók	1945-1958
Styrktarsjóður alþýðu	1891-1898	—	1959-1964
		—	1965-1970
Reikningar	1893-1909	Fundagerðabók	1944-1971
		—	1972-1975
Skattanefnd		Höfuðbók	1952-1972
Gerðabók	1922-1942	Iðgjaldaskrá	1945-1951
—	1944-1961	—	1952-1959
		—	1960-1969
		—	1970-1971
Sáttanefnd		Sjóðbók	1945-1960
Gerðabók	1810-1900	—	1961-1971
Fasteignamat		Ungmennafélag	
Aðalmat	1942	Holtshreppinga	
—	1971-1972		
Millimat	1963-1969	Fundagerðabók	1919-1926
Millimat, staðfest af fjármálaráðherra	1948-1968		
Kjörstjórn			
Stíflukjördeildar			
Gerðabók	1934-1959		
Búnaðarfélag			
Fundagerða/reikninga/ skýrslubók	1934-1950	Hreppaskilabók/skýrslubók	1908-1920
		—	1921-1942
Málfundafélagið Vísir í Stíflu		Uppskrifta/virðinga/ uppboðsbók	1896-1907
		—	1922-1947
Fundagerðabók	1927-1931	Úttektabók	1899-1972

## Lýtingsstaða- hreppur

### Hreppstjóri

Reikningar	1805-1806	Iðgjaldaskrá almanna- trygginga	1946-1952
—	1810-1811		
—	1813-1814	Útvarsskrár	1961-1968
—	1816-1859	Skrár um aðstöðugjöld	1962-1968
Búnaðarskýrslur	1826-1859	Skrár um fasteignaskatt	1962-1964
—	1946-1963	—	1968
Kjörskrár	1946-1954	Skjöl vegna garnaveiki	1970
Manntöl	1945-1951	Teikningar af félagsheimili	1964

## Hreppsnefnd

Fundagerðabók	1889-1897	Skattanefnd	
—	(í sveitarb. 1869-1888)	Gerðabók	1922-1928
—	1897-1912	—	1928-1933
—	1912-1944		og 1941-1942
—	1944-1963		
—	1963-1975	Skólanefnd	
Bréf	1850-1853	Gerðabók	1927-1967
Bréfabók	(1865) 1874-1898	Skjöl	1933-1966
—	1898-1911	Matarfélag Steinsstaða- skóla: fylgiskjöl	1970-1973
—	1911-1939	Byggingarreikningur barnaskóla	1960-1961
Skjöl oddvita	1946-1960	Efnahagsreikningur barnaskóla	1960-1961
—	1961-1965		
—	1966-1969		
Dagbók	1907-1940	Sáttanefnd	
Hreppsþók/sveitarþók	1835-1869	Gerðabók	1921-1933
—	1869-1889	Kjörbók Efribyggðar- kjördeildar	1934-1944
—	1917-1923		
—	1924-1931	Búnaðarfélag	
—	1931-1958	Fundagerða/reikninga/ skýrslu og bréfab.	1888-1916
—	1958-1966	—	1917-1930
Reikningar	1893-1909	Jarðabótabók	1911-1928
—	1938-1945		
—	1945-1962		
—	1964-1968		
Forðagæslubók	1901-1914		
—	1922-1930		

Jarðabótaskýrslur og reikningar	1892-1921	Lánabók	1929-1930
Skjöl	1945-1954	Lög	1931
<b>Fjallskilasjóður</b>		<b>Lestrarfélag Goðdalasóknar</b>	
Fjallskilab. (gangnaboð)	1933-1935	Funda/reikninga/ skýrslubók	1909-1956
—	1937-1964		
—	1966	<b>Lestrarfélagið Neisti</b>	
—	1968		
Reikningar og skjöl	1932-1957	Funda/reikninga/ skýrslubók	1878-1940
<b>Fjallskilasjóður</b>		<b>Kvenfélag</b>	
<b>Hofsafreittar</b>		Fundagerðabók	1939-1952
Fjallskilab. (gangnaboð)	1903-1947	—	1952-1960
—	1950-1952		
—	1954-1955	<b>Sjúkrasamlag</b>	
—	1957-1962	Fylgiskjöl með reikningi	1946-1948
—	1964-1969		
Reikningar	1936-1943	<b>Ungmennafélagið Bjarmi</b>	
—	1966-1968	<b>í Goðdalasókn</b>	
Skýrslur um afréttarpening	1903-1923	Fundagerðabók	1922-1939
—	1926-1932		
—	1936-1939	<b>Steinsstaðaskóli</b>	
—	1941-1944	Reikningar	1958-1961
—	1946-1948	—	1962-1967
—	1950-1952	<b>Upprekstrarfélag</b>	
—	1954-1955	<b>Eyvindarstaðaheiðar</b>	
—	1957-1962	Fundagerðab. fulltrúafunda	1900-1912
—	1965-1966	—	1913-1927
—	1970-1973	—	1928-1950
Ýmis skjöl	1910-1968	Reikningabók	1916-1960
<b>Framsóknarfélag</b>		<b>Fóðurbirgðafélag</b>	
Fundagerðabók	1931-1967	Reikningar og skjöl	1943-1960

*Gyða Jónsdóttir og Ottó A. Michelsen, Litlagerði 12, Reykjavík.*  
*Hannes Pétursson, Túngötu 25, Álftanesi.*  
*Haraldur Hannesson, Hávallagötu 18, Reykjavík.*  
*Héraðsskjalasafnið á Akureyri.*  
*Héraðsskjalasafnið á Húsavík.*  
*Héraðsskjalasafn Svarfdæla, Dalvík.*  
*Hjalti Pálsson, Raftahlöð 57, Sauðárkróki.*  
*Hjördís Tryggvadóttir, Ketilsbraut 23, Húsavík.*  
*Hjörleifur Kristinsson, Gilsbakka.*  
*Hlíf Arnadóttir og Kristmundur Bjarnason, Sjávarborg.*  
*Hörður Jónsson, Hofi, Hjaltadal.*  
*Ingvar Sighvats, Aðalgötu 11, Sauðárkróki.*  
*Ingigerður Guðmundsdóttir, Skagfirðingabraut 23, Sauðárkróki.*  
*Ingimar H. Jóhannsson, Njörvasundi 2, Reykjavík.*  
*Jónas Haraldsson, Völlum.*  
*Jónasson, E.S., Calgary, Alta, Kanada.*  
*Jónína Tryggvadóttir, Hvassaleiti 155, Reykjavík.*  
*Kristbjörg Guðmundsdóttir frá Asi.*  
*Kvennasögusafn Íslands, Hjarðarhaga, 26, Reykjavík.*  
*Leifur Ingimarsson, Hlégerði 17, Kópavogi.*  
*Manitobaháskóli, Winnipeg.*  
*Margrét Ólafsdóttir, Hólavegi 8, Sauðárkróki.*  
*María Magnúsdóttir, Sléttuhvammi 23, Hafnarfirði.*  
*Marteinn Steinsson, Freyjugötu 48, Sauðárkróki.*  
*Matthías Eggertsson, Unnarbraut 11, Seltjarnarnesi.*  
*Pála Pálsdóttir, Hofsósi.*  
*Pétur Sæmundsen, Háteigsvegi 8, Reykjavík.*  
*Ragnheiður Konráðsdóttir, Hellulandi.*  
*Ragnheiður Ólafsdóttir, Borgarnesi.*  
*Research Institute, Hveragerði.*  
*Sesselja Ólafsdóttir, Skagfirðingabraut 39, Sauðárkróki.*  
*Sigurður P. Björnsson, Húsavík.*  
*Sigurður Blöndal, Ránargötu 18, Reykjavík.*  
*Sigurjón Jónasson, Syðra-Skörðugili.*  
*Sigurpáll Steinþórsson, Framnesvegi 54, Reykjavík.*  
*Sólveig Felixdóttir og Guðmundur Gunnarsson, Höskuldsstöðum.*  
*Stefán Magnússon, Kirkjutorgi 3, Sauðárkróki.*  
*Steinunn Jóhannsdóttir, Hellissandi.*  
*Sveinbjörn Jónsson, Háteigsvegi 14, Reykjavík.*  
*Sveinn Sölvason, Skagfirðingabraut 15, Sauðárkróki.*  
*Sæmundur Dúason og Magna Sæmundsdóttir, Hríseyjargötu 2, Akureyri.*  
*Þorbjörg Bjarnadóttir, Fjarðarstræti 7, Ísafirði.*

## Gísli Magnússon í Eyhildarholti

Gísli Magnússon fæddist 25. marz 1893, lézt 17. júlí 1981. Kona hans, *Guðrún Stefánía Sveinsdóttir*, lézt 1977. Þau hjón eiga 11 börn á lífi.

Gísli í Holti, eins og hann var venjulega nefndur átti hátt í 70 ára félagsmálaferil að baki, er hann lézt; lengri og fjölbreyttari en nokkur annar Skagfirðingur á þessari öld. Hér skal farið fljótt yfir félagsmálastörf Gísla, þau er lesa má um í uppsláttarritum. Hann hleypti ungur heimdragnum: lauk gagnfræðaprófi við Menntaskólann í Reykjavík 1910, búnaðarprófi frá Hólum 1911, hélt síðan áfram námi í sömu grein í Noregi og Skotlandi 1912-1914. Árið 1923 reisti hann bú í Eyhildarholti og bjó þar í 50 ár, er synir hans tóku við. Hann var kosinn í stjórn Kaupfélags Skagfirðinga 1919 og átti þar sæti meira en 60 ár. Gísli stundaði kennslu um sinn og var próf-

dómari við Hólaskóla 20 ár; átti sæti í miðstjórn Framsóknarflokksins um áratugi, sömuleiðis formaður flokksdeildar heima í héraði. Gísli starfaði og lengi í yfirskattanefnd Skagafjarðarsýslu og

*Safnamál . 20*



*Gísli Magnússon í Eyhildarholti.*

Sauðárkrókskaupstaðar, sýslunefndarmaður lengi og oddviti sveitar sinnar. Hann var einn stofnanda Framfarafélags Skagfirðinga og í stjórn Varmahlíðarfélag. Enn er margt vantalið, sem ekki getur í uppsláttarritum: Gísli var einn stofnanda Sögufélags Skagfirðinga og átti lengur sæti í stjórn Héraðsbókasafns Skagfirðinga, svo og stjórn Héraðsskjalasafnsins og Safnahúss en nokkur annar maður, eða frá 1951.

Ungur að árum naut Gísli tilsagnar afabróður síns, Guðmundar meistara Þorlákssonar, í meðferð íslenzkrar tungu, og varð ritfær með ágætum. Hann var hraðmælskur, talaði eigi lakara mál en hann ritaði. Skoðanir sínar vafði hann ekki í sjöfalt silki, hélt þeim á loft umbúðalaust og þótti — framan af árum — stórhöggur nokkuð í hreðum stjórn mála og félagsmála, bæri hann málstaðinn fyrir brjósti. Því fremur kenndi sviða, þeim mun orðfímarí sem Gísli var. Þó að hann reyndist ódeigur baráttumaður, þótti hann sáttfús og drengilegur andstæðingur, þelhlýr og raungóður þeim, sem áttu um sárt að binda. Órækt vitni um hug Gísla til samtíðarmanna mega æviskrár hans í Glóðafeyki vera. Frá og með árinu 1952 var sá háttur tekinn upp að minnast látinna félagsmanna K.S. á aðalfundi. Árið 1967 tók Gísli Magnússon að sér ritstjórn Glóðafeykis, hóf þá birtingu nefndra ævipátta og hélt fram til dauðadags. Ævum þessum gaf hann nafnið *Fallnir félagar*. Nú hafa birzt æviskrár 325 félagsmanna, og 80 þættir fullbúnir til prentunar.

Á langri ævi ritaði Gísli fjölda greina í blöð og tímarit um margvíslegustu efni og brást aldrei meðferð máls og stíls. En trúlega munu þó greinar hans í Glóðafeyki halda nafni hans lengst á lofti. Þær ritsmíðar eru líka samfelldastar.

Gísli Magnússon var listelskur og listhneigður. Hann tók virkan þátt í tónlistarlífi, var kirkjuorganisti um áratugi og fyrsti stjórnandi Karalakórsins Heimis. Hann hafði yndi af skáldskap, var hagarður vel, en flíkaði lítt.

Gísli Magnússon var þjóðhollur Íslendingur og mikill Skagfirðingur. Fyrir sakir atgervis átti hann ýmissa kosta vöð til frekari veraldarframa á starfsvettvangi utan héraðs, en hugur hans stóð ekki til þess, vildi fremur una ævi sinnar daga á ættstöðvunum.

*Safnamál . 21*

Ég minnst þess með ánægju að hafa átt þess kost að starfa með Gísla Magnússyni á vettvangi safnanna. Hann mætti jafnan til leiks glaður og reifur.

K.B.

## SÖGUFÉLAG SKAGFIRÐINGA

SAFNAHÚSINU, SAUÐÁRKRÓKI  
Sími (95)5424

Aðalumboðsmenn:

Árni M. Jónsson, Grundarstíg 1, Skr., heimasími 5128  
Hjalti Pálsson, Safnahúsinu, Sauðárkróki, sími 5424

Umboð á Akureyri:

Jón A. Jónsson húsvörður, Hafnarstræti 107, sími 23532

Umboð í Reykjavík:

Sögufélagið, Garðastræti 13b, sími 14620

## Stefán Jónsson á Höskuldsstöðum

Stefán Jónsson ættfræðingur á Höskuldsstöðum fæddist 8. júlí 1892 og lézt á sjúkrahúsinu á Sauðárkróki 31. desember 1980, ókvæntur og barnlaus.

Stefán stundaði nám í Hvítár-bakkaskóla 1911-1912, hóf búskap á föðurleifð sinni Höskuldsstöðum 1915 og átti þar heimili til æviloka. Þótt Stefán væri gegn bóndi á gamla vísu og sinnti margháttuðum störfum í þágu sveitar sinnar, nægir slíkt ekki til að halda nafni hans á lofti, heldur störf hans á sviði ættfræði og sagnaritunar, þótt fátt eitt hafi til þessa birzt á prenti eftir hann.

Stefán var á fermingaráldri, er hann hóf að kynna sér ættfræði, og eru enn til ritgerðir hans um þau efni frá unglingsárum og sýna glögglega, hve vel hann þá þegar kunni til verka. Það var því sjálfgerður sili, að Pétur Zop-hóniasson færi í smíðju til þessa unglings, er hann tók að vinna að riti sínu *Ættir Skagfirðinga* 1910,



Stefán Jónsson 87 ára.

enda getur hann þess í aðfaraorðum, að hann hafi notið styrks Stefáns Jónssonar *Blíndhljóðs*, en þann nafnauka tók Stefán sér og notaði framan af árum, felldi seinna niður. Allar götur síðan reyndist Stefán hin mesta hjálparhella þeirra, sem við ættfræði fengust, jafnt lærðra sem leikra.

Hér er hvorki staður né stund til að gera glögga grein fyrir 70 ára starfi Stefáns Jónssonar í þágu ættfræði og persónusögu. Hins er skylt að minnast, að hann kom sjaldan svo á Héraðsskjalasafnið síðustu ævírin, að hann færði því ekki handrit að gjöf og þá jafnan handrit, sem rekið hafði á fjörur hans. Helft þess hefur þegar verið skráð. Sá var vilji Stefáns, að handritasafn hans gengi allt til safnsins hér, en honum auðnaðist ekki að ganga að fullu frá þeim málum. Erfingjar Stefáns, Höskuldsstaðahjón, Sólveig Felixdóttir og Guðmundur Gunnarsson, töldu sjálfsagt að fara þar að vilja hans og hafa þegar afhent öll handrit, sem fullbúin reyndust til prentunar frá hendi Stefáns og fjölmargt annað.

Loks var Stefáni kappsmál, að Héraðsskjalasafn Skagfirðinga eignaðist hlutdeild í höfundarrétti að væntanlegri útgáfu verka hans. Þeim málum hafði hann þó eigi heldur gengið frá, er dauða hans bar að. Höskuldsstaðahjón gengu og frá þeim, á þann hátt, að rétturinn er nú helmingafélag safnsins og þeirra.

Hér verður ekki gerð frekari grein fyrir ritstörfum Stefáns á Höskuldsstöðum. Ritsafn hans kemur út á næstu árum á vegum Sögufélags Skagfirðinga, og geta lesendur þá kynnt sér sagnaþætti hans, sem eru miklir að vöxtum og fjölskrúðugir að efni.

Stefán kom í Héraðsskjalasafnið einum degi eða tveim, áður en hann lagðist banaleguna, um miðjan nóvember 1980. Aldrei þessu vant, greip hann ekki niður í ættfræðirit, kvaðst mundu sleppa því í þetta skipti. Slíkt var ólíkt Stefáni, auðsætt, að honum var brugðið. Það var sem sækti á hann eirðarleysi, spjallaði þó um áhugaefni sín að vanda. Ef til vill hefur hann grunað feigð sína. Stefán var hagamæltur, en fór mjög dult með. Einhverju sinni, er við ræddumst við á safninu og tal okkar barst að lokadeginum mikla, lofaði hann mér að heyra þessa stöku:

Eftir lífsins logn og rok,  
ljós og skugga-sitt og hvað,  
nalgast óðum ævilok,  
ekki er vert að harma það.

Með Stefáni á Höskuldsstöðum hvarf af sjónarsviðinu skagfirzkur sagnameistari, arftaki þeirra Gísla og Espólíns.

*K.B.*



# Úr Héraðsskjalasafni

## Hernám Reykjavíkur 1940 Dagbók eftir Þóri Bergsson, með framhaldi á atburðum.

Þorstein Jónsson, sem tók sér höfundarnafnið Þórir Bergsson, þarf ekki að kynna lesendum. Hann gaf Héraðsskjalasafni Skagfirðinga höfundarrétt að ritverkum sínum, prentuðum og óprentuðum. Meðal þess, sem hann lét eftir sig í handriti, er dagbók sú, sem hér er gripið ofan í. Hún er birt orðrétt, auðsæ pennaglöp þó leiðrétt, en titill hennar stytur. Þorsteinn átti heima á Bárugötu 6, er hann reit dagbókina, og raunar bæði fyrr og síðar. Kona hans var Gróa Árnadóttir prests á Kálfatjörn Þorsteinssonar.

Erfingjar Þorsteins og Gróu, hjónin Margrét Hjartadóttir og Steingrímur Guðjónsson, Bárugötu 6, Reykjavík, gáfu síðar Héraðsskjalasafninu málverk, ljósmyndir og skrifuð gögn úr fórum þeirra.

*K.B.*

1940

10. maí 1940. Föstudagur.

Ég vaknaði kl. 5½ um morguninn við það, að maður, er bjó í húsi mínu, á loftinu í herbergi fyrir ofan svefnherbergi okkar, var að klæða sig og fór talsvert fyrir honum, hurðaskellir og brölt. Ég bjóst við að hann ætlaði í ferðalag, því hann er ekki vanur að fara á fætur mjög snemma. Ég sá hann hlaupa út, rétt fyrir kl. 5¾ og rétt á eftir heyrðum við í flugvél. Okkur datt ekki ófriður í hug, þótt undar-

*Safnamál . 26*

legt megí virðast; hugðum að litla flugvélin „Sux“ væri að fljúga og hefði áður nefndur maður sennilega farið eitthvað með henni. Lágum við vakandi í rúmunum þar til Morgunblaðið kom, um kl. 7. Þar stóð þá, að Bretar hefðu hernumið bæinn kl. 5 um morguninn. Ég get ekki sagt, að mér yrði hverft við, né konu minni, við klæddum okkur rólega, átum hafragraut og mjólk að vanda og gengum svo út kl. um 8½. Strax á Vesturgötunni neðst mættum við 2 hermönnum með stálhjalma, byssustingi á riflunum, gasgrímur, og í fullum hervæðum. Þeir sögðu: „Good morning“ glaðlega og tókum við því. Niðri á hafnarbakka var allt fullt af hermönnum og farangri þeirra. Tundurpillir lá við hafnarbakkann framan við vöruhús Eimskip, en togari vestar, var verið að flytja í land alls konar farangur og stórhópar voru þar af hermönnum með alvæpni. Út í tundurpillirinn var verið að setja Þjóðverjana, en ég sá það ekki, gekk aðeins á uppfyllingunni þar til á móts við Grófina og þar upp, á milli Hafnarvöruhússins mikla og vöruhúss S.Í.S. Var þar fullt af hermönnum og Reykvíkingum, jafnvel börnum, en ég staðnæmdest ekki, aðeins leit á allt þetta furðulega samsafn. — Mér var ekki vel rótt innanbrjósts, en alls ekki hræddur, aðeins gat ég ekki losað mig við geigvænlegan ugg um það, sem mundi fylgja geta í kjölfar þessara atburða. Ég sá í anda flugvélar koma og varpa eldi og eyðileggingu yfir okkur. Það var það sem ég óttaðist, ekki þetta landgöngulið. — Úti á höfninni lágu tvö afarstór herskip og eitt lítið. Það voru beitiskipin „Sheffield“ og Bervick“, eftir því, sem Morgunbl. sagði, og tundurpillir. Ísl. togarar voru teknir til notkunar við uppskipunina, tveir, auk þess breskur togari er hér lá. — Bretarnir virtust þreytulegir eftir sjóvolkið. Þeir stóðu á verði við pósthúsdyrnar, þar var fest upp auglýsing um atburðinn. Við gengum Austurstræti; á Hótel Ísland var Rauði Krossinn dreginn að hún, þangað voru hermenn að bera sjúkrabörur o.fl. farangur, var það sjúkralið, með einkenni rauða krossins. — Flestir virtust hermennirnir mjög ungir, en bera sig vel og vígalega í hergöngu, fóru þeir í smáfylkingum um bæinn og stóðu vörð á götuhornum.

Bankar og búðir og skrifstofur var opnað á venjulegum tíma og vinna hófst alveg eins og ekkert hefði í skorist. Götuslæpingjar stóðu

*Safnamál . 27*

og gláptu í hópum, karlar, konur og börn, en vinnandi menn fóru til starfa sinna án tafar. Engin hræðsla né órói var sjánlegur á nokkrum manni. Þvert á móti voru margir glaðlegir og virtust vilja „slá öllu upp í grín“. Varla mun þó öllum hafa verið rótt er inn fyrir skelina kom. Það komst, í rauninni, ekkert úr lagi, nema sími út úr bænum og pósthús var lokað, svo og útvarpið, fram á kvöld. — Það er því alrangt hjá blöðum og útvarpi, er þau segja að bærinn sé kominn í „sama lag aftur“, hann fór aldrei úr „sama lagi“. Í Landsbankanum, þar sem vinna 70-80 manns, mættu allir, nema 2-3 sem höfðu verið veikir. Engin æðra sást þar á nokkrum manni.

### 11. maí. *Laugardagur*

Herskipin eru horfin af höfninni. Allt er nú rólegt og fólk er ekki eins forvitið. Hópar af hermönnum ganga enn um bæinn, sagt að þeir séu að leita að einhverjum Þjóðverjum, sem ekki hafa fundist. Bretar hafa tekið nokkur hús til afnota, skóla, samkomuhús og vörugymsluhús. Eru sagðir vera að koma upp loftvörnum. Við göngum eftir vinnutíma (lokað kl. 12) upp á Skólavörðuhæð, þar var einhver umbúnaður, byssa, sem breitt var yfir o.fl. — Bíll með hermönnum ók upp úr bænum. Dagurinn líður án viðburða. Krakkar og kvenfólk hópast utan um stöðvar Breta og gónir á þá. Leiður ófögnuður að sjá fólkið standa eins og glópa. — Dálítil fallbyssa á hafnarbakka (4 þuml. segja menn). Pósthús og sími opnað. Útvarpað.

### 12. maí (*Hvítasunnudagur*)

Húdarrígning allan daginn. Kom lítið út, sá ekkert markvert. Finnst Bretar mannfáir og illa útbúnir með byssur og vélknúin tæki. Aðeins nokkur mótörhjól. Þeir eru eitthvað að grafa á Arnarhóli, hjá Ingólfsstytta.

### 13. maí (2. *hvítasunnu*)

Gott veður. — All stórt herskip kemur siglandi ofan úr Hvalfirði kl. 9, er við Gróa göngum ofan að höfn. Það er með flötum afturstafni (tundurduflaskip?). Fer að skipa upp farangri, kössum og pokum. — Allt við sama. — Loftvarnarnefndin (form. Agnar Koefoed-Hansen lögreglustjóri) byrjar störf með útbúnað loftvarnarbyrgja í kjöllurum og miðum með örvum, rauðum, er benda hvert halda skal í byrgin. Eitt er í Landsbankanum. Fólk fer að sjá alvöruna betur og verða hræddara. Þetta er flest eins og skepnur, skilja ekkert fyrir en því er sagt það. Nú virðist það fyrst muna það að Bretar eiga völduga óvini.

### 14. maí.

Fregnir um ósigrá Hollendinga og framsókn Þjóðverja í Belgíu og Frakklandi. Herliðið hér er eitthvað að moka og setja upp litlar fallbyssur, sem virðast gamlar og ljótar. Foringinn (æðsti) er aðeins Major, liðið því, víst fátt, sumir segja 2000-2500. Er víst ekki fleira. — Í bankanum eru allir rólegir, en búast þó við loftárás þá og þegar. Vona, en vita ekkert hvað kemur. Virðast leiðinlegir tímar nú fara í hönd, tímar óvissu og illrar eftirvæntingar. Flugvél flýgur yfir bæinn, flugbátur lítill, hann situr á höfninni í kvöld, framan við Ægisgarð. Við göngum fram á garðinn og horfum á þessar lélegu flugvarnir þessa vesæla lands.

### 15. maí.

Norðangarður. Kannski þeir komi þá síður í dag til þess að ná landinu af Bretum? Fregn um það fest upp á Morgunblaðsglugga kl. 4 að Þjóðverjar hafi þegar rofið Magníotlínuna við Sedan. — Uggur í mönnum, en enginn veit neitt hvað kemur. Allir rólegir og vinna sín verk í kyrþey, æðrulaust og glaðir að sjá. — Útvarp frá Bretlandi og Frakklandi neitar því að Þjóðverjar hafi rofið Magníotlínuna, en að þeir hafi komist inn í fremstu víggirðingar hjá Sedan, 8 kílómetra (eða mílur) en verið hraktir aftur. Bersýnilega eru Þjóðverjar í sókn, allstaðar og hrekja Bandamenn. Líklega er Magníotlínun rofin.

### 16. maí

Norðankuldi mikill, aðeins 3 stig hiti í morgun. Orðrómur gengur um það, og veldur hræðslu — að þýska útvarpið hafi sagt það í fyrrinótt, að þeir mundu taka Ísland aftur af Bretum innan viku. Má því búast við árásum og óvíst að ekki verði stórtjón af því á mönnum og húsum. Undarlega ömurleg tilhugsun, að bíða, eins og skepnur slátrunar og geta ekkert að gert. Allir þó rólegir að sjá. Þó tala blöðin um að börn ætti að flytja sem fyrst upp í sveitir, og væri vissulega bæjarhreinsun að því og talsvert öryggi. Ég tel sjálfsgagt að flytja allt fólk tafarlaust burtu úr bænum, sem getur farið, því ég er hræddur um árás og það bráðlega. — Annars er ég hræddari um aðra en sjálfan mig, þá sem mér eru kærir. Ég ber ekkert traust til verndar Breta, til þess eru þeir of liðfáir og ég tel víst að Þjóðverjar verði að beita hörku, ef þeir koma, fyrst Bretar eru hér í bæ. Það er allt illt, þótt sólin ljómi, grósin grói og vorfuglarnir séu komnir.

### 17. maí

Hlýrra veður. Austankaldi og allt að 13 stig hiti, kl. 5 voru 11 stig. Hvasst austan með kvöldinu. Í morgun komu 2 stór skip (ca. 20.000 smálestir) hér inn á sundið milli Efferseyjar og Engeyjar. Þeim fylgdu 2 tundurspillar. Voru skip, Artic (3mast skonnorta, eign Fiskimálasjóðs), Magni og mótorbátar teknir til hjálpar við uppskipun herliðs, líklega Breta, óvíst hve margra, en þeir skipta þúsundum. Fjöldi af bílum beið þeirra og óku þeir burt, óvíst hvert, sagt til Hafnarfjarðar og víðar. — Jafnframt fréttist um stórsigra Þjóðverja á Frakklandi, að þeir hafi sókt fram um ca. 50 kílómetra gegnum Magniötínuna. — Hvað verður úr þessu? Það grúfa dimm ský efa og kvíða yfir mér og mörgum hugsandi mönnum. Hvað mun dynja yfir okkur? Eigum við „fáir, fátækir og smáir“ að lifa það, að farast í einni plágunni enn. er ganga muni yfir þetta land? Ekki landskjálfti, eldgos og hafís, heldur eldregn úr vítisvélum hinnar svokölluðu menningar, og, ef til vill, hungri, eftir að öll sjálfsbjargarmeðöl hafa verið eydd af hvæsandi vörgum auðvalds- og drottnunarsýki spilltrar kynslóðar.

Ég horfði í dag á hundruð hermanna ganga á land í fylkingum, alvopnaða. Ég var að ganga heim frá vinnu minni. Engin æðra sést á fólki, en ég held að allmargt flytji úr bænum upp í sveitir. Ýmsar ráðstafanir eru gerðar út af loftvörnum, eftir getu. Úti fyrir sé ég liggja hin stóru skip og utar öslar grár tundurspillir fram og aftur. Annar liggur við hlið þess stóra skipsins er austar (nær bænum) er. Við hlið skipanna eru þessi vesalings íslensku skip, sem skipað er að flytja erlendan her í land. Ég er ekki hræddur við Bretana, en ég óttast það sem eftir kann að koma og vofir yfir. — Austanstormur. Ég held að grimmileg ótíð, stormar, snjóhryðjur og dimmviðri, þótt sumar sé, væru nú bestu verðir Íslands, gegn hinni afvegaleiddu, viðbjóðslegu menningu nútímans.

### Enn um sveitarblað í Lýtingsstaðahreppi

Í 5. árg. Safnamála birtist greinarkorn um sveitarblað í Lýtingsstaðahreppi, og það undirritaður um frekari upplýsingar. Við athugun kom í ljós, að hann átti frekari fróðleik í vitum sínum um blað þetta, og skal því tjaldað, sem til er:

Hinn 3. marz 1880 ritar Jón Jónsson prests á Mælifelli, Sveinsonar, Boga Melsteð og segir þar m.a.: „Við fáumst við mun færri en Eyfirðingar nágrennar vorir og erum ekki heldur, að ég þykist viss um, aðrir eins snilldarmenn og þeir í neinu tilliti; skeð gæti nú samt ættum vér prentsmiðjur og dagblöð (Skagfirðingar), eins og Eyfirðingar, að vér færum þá að streitast við að feta í fótspor þeirra, á hinum rennslétta *pappírsvegi*, frelsis og alls konar framfara, *til þess* eins og þeir að geta gjört það öllum kunnugt — og liggur mér þó við að efast um það. En svo mér farist nú líkt og Eyfirðingum, ætla ég að segja þér frá því, að núna bráðum ætlum vér hér í prestakallinu að halda einn framfarafundinn með oss, og ætlum vér þar að ræða um stofnun unglingskóla í hreppnum, sem þegar var búið að vekja máls á áður; um stofnun sveitablaðs, um lestrarfélag, um jarðabótafélag, um stofnun glímufélags etc.etc. Þykir þér ekki nóg um

Þetta Kandestöberi í oss? En allt þetta væri þó í sannleika nauðsynlegt, gæti það nokkurn tíma komið lengra en á pappírinn. . . . Sveitablöð. . . geta óneitanlega vakið og lífgað og meira oft viðvaninga í að hugsa og framsetja hugsanir sínar hneykslislítið. En þá þarf þó hvert blaðfélag að eiga menn, sem geta leiðbeint og sagt til syndanna, en *þá* vill því miður víðast vanta.“ Hinn 18. apríl s.á. skrifar Jón Boga enn og er mikið niðri fyrir: „ . . . Ég næstum hlýt að taka aftur hvert einasta orð af því, sem ég skrifaði þér viðvíkjandi framförum vorum hérna í sveitinni. Að vísu voru fundir þeir, sem ég skrifaði þér um, að við ætluðum að halda, allvel sóttir, það er að segja ekki af frjálsslyndum mönnum og góðum drengjum, heldur af þverhöfðum og uxum, sem nótt og nýtan dag stympast við klafa þvermóðsku og þrældómslundar, blindaðir af myrkri heimsku vesældóms og tortryggni, því, — taktu eftir! *ekkert* af málefnum þeim, sem upp voru borin á fundinum, fékk svo góðar undirtektir, að mögulegt væri að hugsa á nokkra framkvæmd, þrátt fyrir hið skörulegasta fylgi *sumra* fundarmanna. . . .“ (Ny kgl.saml. Utg. 141).

Trúlega er hér um stofnun þess sveitarblaðs að ræða, sem ekki náði fram að ganga 1880, en var hleypt af stokkunum í janúar 1881 (sbr. Safnamál, 5. árg.) og líklega hefur hætt að koma út, eftir að kæra barst um efni þess. Í Akureyrarblaðinu Fróða, 25. apríl 1881, er nafnlaust fréttabréf úr Lýtingsstaðahreppi. Þar segir m.a.: „Á all flestum bæjum mun vera keypt eitthvert blað, og sums staðar tvö eða þrjú, en þó mun tíðara, að fleiri séu um það í félagi. Menn tóku hér upp á því í vetur, nokkrir, að skrifa *sveitarblað*, er stefna þess að rita og ræða helzt um hvaðeina, sem hreppinn varðar. Blaðið er tekið á nær því hverjum bæ í hreppnum, og kemur út örk á hverjum hálfum mánuði. Er þegar farið að hreyfa ýmsum málum, er áður hafa legið um fjölda ára í þagnargildi, og hafa menn almennt áhuga á þeim. . . .“

K.B.

## Hver er maðurinn?

Í síðasta árgangi Safnamála voru birtar ljósmyndir úr safni Gísla Guðmundssonar „verts“ á Sauðárkróki. Áður höfðu myndir verið valdar af handahófi úr safni óþekktara mynda, en þess gætt, að ljósmyndararnir hefðu starfað í Skagafirði. — Kennsl hafa verið borin á nokkrar myndir, sem nú skal greina: Á mynd nr. 70 er Ferdinand Eyjólfsson, sem kallaði sig Eyfeld; mynd nr. 81 er af Sigurði Sigurðssyni frá Fossi á Skaga, albróður „Gunnars í Von“; nr. 83 er af Ingibjörgu Jóhannsdóttur frá Reykjum í Tungusveit; mynd nr. 84 er af Friðriki Klemenssyni kennara frá Vatnsleysu í Viðvíkurhreppi; Kristján Árnason frá Krithóli er trúlega á mynd nr. 85, en Sigurlaug Ingibjörg Sveinsdóttir frá Mælifellsá situr fyrir á mynd nr. 86 og Jósef Jóhannesson frá Auðunnarstöðum í Víðidal er á mynd nr. 87; á mynd nr. 90 er Nielsína *Sigfríður* Arnórdsdóttir prests í Hvammi Árnasonar; á nr. 91 gefur sennilega að líta Jóhannes Björnsson frá Hofstöðum, síðast í Reykjavík, mynd nr. 93 er af hjónunum Pétri Gunnarssyni og Guðrúnu Þorvaldsdóttur á Stóra-Vatnsskarði og Kristínu dóttur þeirra; og síðasta nafngreinda myndin, nr. 94, reyndist vera af Margréti Benediktsdóttur, Borgarlæk á Skaga.

Að þessu sinni verða birtar myndir úr ýmsum áttum, og óvíst með öllu, hvort fólkíð hefur átt heima í Skagafirði, en þess að vænta, að það hafi með einhverjum hætti tengt héraðinu.

Sölvi Sveinsson.



96



97



98



99



100



101



102




103




104



105




106



107



108



109



110



111



112



113

## Safnafréttir


Hjónin Sólveig Felixdóttir og Guðmundur Gunnarsson á Höskuldsstöðum gáfu Héraðsskjalasafni Skagfirðinga útgáfu- og flutningsrétt að verkum Stefáns ættfræðings Jónssonar s.st. að hálfu. Prentun I. bindis er í undirbúningi á vegum Sögufélags Skagfirðinga. Jafnframt gáfu hjónin safninu þann hluta handrita-safns Stefáns, sem hann hafði ekki afhent, er lát hans bar að.

Í sæluviku voru uppi fjórar sýningar í Safnahúsinu: Nemendum Myndlista- og handíðaskóla Íslands var boðið til sýningahalds og sendu þeir 40 verk af ýmsu tagi. Í norðursal hússins var sýning frá félagi grafíklistamanna í Reykjavík. Frá Norræna húsinu var sýning á grænlenzkum bókum og myndum og fyrir milligöngu þjóðminjasafnsins kom vegleg ljósmyndasýning um færeyska bátinn.

Um páskana hélt Ásta Pálsdóttir sýningu á 46 vatnslitamyndum. Aðsókn varð feikna mikil og seldust nær allar myndirnar.

Hinn 15. apríl kom dr. Kristján Eldjárn og flutti erindi, sem hann nefndi: Sumardvöl á Grænlandi fyrir 45 árum; sýndi hann jafnframt skuggamyndir, og var aðsókn ágæt.

Elísabet, dóttir Ísleifs Gíslasonar, hins kunna kímnskálds, gaf höfundarrétt hans Héraðsskjalasafninu fyrir nokkrum árum, og er bók um og eftir Ísleif væntanleg á markaðinn í haust.



## *Minningarkort*

Fræðasjóðs  
Skagfirðinga  
fást í

Safnahúsinu  
við Faxatorg,  
Verzlun Haraldar  
Júlíussonar  
og hjá

Kára Jónssyni,  
Smáragrund 16



# útlán

## BÓKASAFNIÐ


Mánudaga . . . . .	kl. 4.00— 7.00 s.d.
Þriðjudaga . . . . .	kl. 4.00— 7.00 s.d.
Miðvikudaga . . . . .	kl. 4.00— 7.00 s.d.
Fimmtudaga . . . . .	kl. 7.30—10.00 s.d.
Föstudaga . . . . .	kl. 2.00— 6.30 s.d.

*Lestrarsalurinn er opinn á sömu tímum.*

## HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ

*er opið til afgreiðslu*

Fimmtudaga . . . . .	kl. 8.00—10.00 s.d.
Föstudaga . . . . .	kl. 2.00— 6.00 s.d.



SAFNAHÚS  
SKAGFIRÐINGA